

Samþykktir Eftirlaunasjóðs FÍA

1. gr.

Nafn og heimili

- 1.1. Sjóðurinn heitir Eftirlaunasjóður FÍA, skammstafað EFÍA. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.
- 2.3 Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

3. gr.

Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar eru þeir sem starfa hjá launagreiðendum sem hafa gert við FÍA kjarasamning sem ákvarðar lágmarkskjör á starfssviði flugmanna eða ráðningarbundin starfskjör taka mið af þeim kjarasamningum og sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjald til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.
- 3.2 Sjóðfélögum er heimilt að greiða tímabundið af launum hjá vinnuveitanda sem ekki hefur gert samning við FÍA sem og af greiðslum frá Vinnuálastofnun og Fæðingarorlofssjóði. Tímabundinn heimild til greiðslu í sjóðinn hefst þegar greiðslum frá launagreiðendum sem gert hafa kjarasamning við FÍA lýkur. Heimild til greiðslu í sjóðinn getur varað í allt að 36 mánuði en stjórn er þó heimilt að framlengja tímabilið í allt að 60 mánuði.
- 3.3 Þeir sem njóta elli- og örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir sem eiga geymd réttindi, teljast sjóðfélagar.
- 3.4 Óheimilt er að neita manni um aðild að sjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, kyns eða fjölskyldustærðar.
- 3.5 Aðild að sjóðnum skal tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi.
- 3.6 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar.
- 3.7 Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.

4. gr.

Stjórn.

4.1. Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, og fimm varamenn. Tveir aðalmenn og tveir varamenn skulu tilnefndir af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins, þrír aðalmenn og þrír varamenn skulu kjörnir af sjóðfélögum. Stjórnarkjör skal fara fram með rafrænni kosningu sjóðfélaga, sbr. gr. 4.2, til tveggja ára í senn. Hið fyrra ár skal kjósa einn aðalmann og tvo varamenn og seinna árið tvo aðalmenn og einn varamann. Þurfi aðalmaður eða varamaður að stíga til hliðar skal kjósa á næsta aðalfundi til þess tíma sem eftir stóð af stjórnarsetu viðkomandi. Um slík kjör gilda ákvæði samþykka þessa eins og við á.

4.1.a Sérákvæði er varðar upphaf framkvæmda kosninga: Á ársfundi sjóðsins 2019 skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann úr röðum sjóðfélaga. Stjórn FÍA skipar þá áfram til eins árs einn aðalmann og tvo varamenn. Á ársfundi sjóðsins 2020 skal kjósa einn aðalmann og tvo varamenn úr röðum sjóðfélaga enda lýkur kjörtímabili þeirra tveggja sem FÍA skipaði til eins árs á ársfundi 2019.

4.2. Kosning skal vera rafræn og byggja á sjóðfélagaskrá síðastliðin mánaðarmót fyrir ársfund. Kosning hefst á ársfundi og stendur í viku.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa kjörnefnd vegna stjórnarkjörs. Stjórn skal þá setja henni starfsreglur þar sem nánar greinir um samsetningu nefndarinnar og störf sem nefndin skal sinna í tengslum við kjörið, svo sem varðandi mat á hæfi frambjóðenda og mati á hugsanlegri samsetningu stjórnar. Skulu starfsreglur nefndarinnar miðast við að fylgt sé kröfum sem gilda um stjórnarmenn lífeyrissjóða á hverjum tíma.

Um stjórnarkjör gilda reglur meirihlutakosningu, þó þannig að hver sjóðfélagi skal kjósa stjórnarmann í hvert sæti. Tryggt skal að fylgt sé 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.

4.3 Stjórnarmenn í sjóðnum skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og uppfylla að öðru leyti skilyrði 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997,

4.4 Stjórnin kys sér sjálf formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum og ákveður röðun varamanna 1.,2.,3. sem taka sæti í forföllum aðalmanna. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um starfsemi lífeyrissjóða, reglugerðir settum samkvæmt þeim og samþykktir þessar.

4.5 Stjórninni er skylt að halda gerðabók og færa í hana allar samþykktir sínar. Stjórnarsamþykkt er því aðeins lögleg að a.m.k. þrír stjórnarmenn greiði henni atkvæði.

4.6 Stjórn sjóðsins hefur heimild til að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn mun kaupa sér tryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi eða gerast aðili að örorkusamkomulagi við aðra lífeyrissjóði þar til sjóðurinn hefur náð því marki að greiðandi sjóðfélagar verði að minnsta kosti 800 eða þar til önnur fullnægjandi og betri leið samkvæmt mati stjórnar fæst samþykkt af Fjármálaeftirliti til að tryggja áhættudreifinguna.

Sjóðurinn sendir Fjármálaeftirlitinu afrit af tryggingasamningi við tryggingafélag eða örorkusamkomulagi við aðra lífeyrissjóði ásamt staðfestingu tryggingafræðings sjóðsins um að samningurinn eða samkomulagið tryggi áhættudreifingu sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um

skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða Sjóðurinn tilkynnir Fjármálaeftirliti allar breytingar sem kunna að verða á tryggingasamningi eða örorkusamningi.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað og starfrækja séreignardeild í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stjórn sjóðsins er heimilt í samræmi við tryggingafræðilega athugun, að ákveða lágmarksgjald vegna tryggingaverndar sjóðsins lægra en skylduiðgjald skv. gr. 9.1., þannig að sjóðfélagi geti ráðstafað mismuninum til öflunar réttinda í séreign í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

- 4.7. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórninni er heimilt að láta verðbréfafyrirtæki eða fjármálafyrirtæki annast framkvæmdastjórn sjóðsins að hluta eða öllu leyti. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast athugun á innra eftirliti. Stjórnin velur endurskoðanda. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu, og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.
- 4.8. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri sjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra gilda ákvæði gr. 4.3 og 4.14.
- 4.9. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins gera með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- 4.10. Stjórnin veitir og afturkallar prókúrumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.11. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 4.12. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem gerð hefur verið grein fyrir á ársfundum og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.13. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.14. Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem kunna að valda vanhæfi. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um málið.

- 4.15. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir sjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls.
- 4.16. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Þess skal og jafnan gætt að sjóðurinn styðji menn ekki til stjórnarkjörs í hlutafélögum ef stjórnarsetan getur valdið hagsmunaárekstrum eða skert sjálfstæði sjóðsins.

5. gr.

Ársfundur.

- 5.1. Vald ársfundar í málefnum sjóðsins fer samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Stjórn sjóðsins er skylt að boða til aukaársfundar, ef meirihluti stjórnar telur ástæðu til, eða ef sjóðfélagar sem eiga samanlagt 20% af atkvæðamagni í sjóðnum krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.. Stjórn sjóðsins skal boða til fundar með sannarlegum hætti og tilgreina dagskrá með minnst tveggja vikna fyrirvara.
- 5.2. Atkvæðisrétt á ársfundi eiga sjóðfélagar sem greiða eða greitt er af til sjóðsins eða eiga geymd réttindi vegna iðgjaldagreiðslna í 2 ár og fer hver með eitt atkvæði. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé kveðið á um í samþykktum þessum. Um stjórnarkjör fer í samræmi við gr. 4.
- 5.3. Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu, vali endurskoðanda og tillögum sjóðstjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins. Á fundinum skal jafnframt tilkynnt um stjórnarlaun, stjórnarkjör sem fram fer skv. gr. 4.2 kynnt og greint frá tilnefningu aðalmanng og varamanna atvinnurekanda í samræmi við 4. gr. . Tillögur til ályktunar um önnur mál, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Ársfundur kys sér fundarstjóra.
- 5.4. Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á ársfund eða aukaársfund getur hann veitt öðrum umboð til að sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðið þarf að vera skriflegt og vottað af tveimur vitundarvottum og bundið við tiltekinn fund.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skal ársreikningurinn gerður í samræmi við, lög, reglur og góða reiknisskilavenju.
- 6.2. Löggiltur endurskoðandi, eða sá sem hlotið hefur viðurkenningu FME, skal annast innra eftirlit sjóðsins í samræmi við lög um lífeyrissjóði.
- 6.3. Við sjóðinn skal starfa endurskoðunarnefnd. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir ársfund, og starfar í samræmi við 108. gr. a-d laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

7. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna úr fjárhag sjóðsins og skal niðurstaðan vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lámarksréttinda sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, ásamt kostnaði vegna viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lámark. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Hin tryggingafræðilega athugun skal send Fjármálaeftirlitinu fyrir 1. júlí ár hvert.
- 7.2. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfelld í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að auka áunnin lífeyris réttindi sjóðfélaga. Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykktu, eru aukin hlutfallslega jafn mikið. Staða sjóðsins, það er mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda.
- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfelld í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykktu, hlutfallslega jafnmikið.
- 7.5. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. og skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

8. gr.

Fjárfestingarstefna.

- 8.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins skv. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum. Stjórnin endurskoðar fjárfestingarstefnu sjóðsins reglulega og skilar inn til FME fyrir 1. desember ár hvert.

9. gr.

Iðgjöld og yfirfærslur úr öðrum sjóðum.

- 9.1. Iðgjöld til lífeyrissjóðsins skulu vera samkvæmt kjarasamningum FÍA, nú að lágmarki 20% af launum sjóðfélaga sem tilgreind eru í 2. og 3. tl. 9. gr. og mynda þau rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að lækka iðgjald til samtryggingarverndar og verja þannig hluta iðgjaldsins til öflunar lífeyrisréttinda í séreign sbr. lög um lífeyrissjóði, enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning byggða á tryggingafræðilegum forsendum um lágmarkstryggingavernd.
- 9.2. Iðgjöld til lífeyrissjóðsins vegna greiðslna frá Vinnuálastofnun, Fæðingarorlofssjóði eða tímabundinna greiðslna frá atvinnurekanda utan FÍA skulu að lágmarki vera í samræmi við gildandi lög um lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð.
- 9.3. Lágmarksiðgjald samkvæmt 9.1 og 9.2 skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrkir, dagpeningar og fæðispeningar.
- 9.4. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.
- 9.5. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldalagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.
- 9.6. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.7. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.9. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 10. grein laga nr. 88/2003, um Ábyrgðarsjóð

launa með síðari breytingum. Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa.

- 9.8 Sjóðurinn skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.
- 9.9 Senda skal lokaaðvörun til launagreiðanda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hafa verið í vanskilum í 60 daga frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja 15 dögum frá útsendingu lokaaðvörunar eða fyrr sé rökstudd ástæða til þess að ætla að iðgjaldakrafa sé ótrygg.
- 9.10 Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er sjóðnum að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil. Um innheimtu samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir 9.8.
- 9.11 Öllum innborgunum launagreiðanda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Sjóðnum er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þessa tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 9.12 Sjóðurinn getur veitt viðtöku fé, sem sjóðfélaga er heimilt að yfirfæra úr öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, þegar að töku lífeyris kemur.

10. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1 Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni og réttindatöflum I til IV í viðauka I, sem einnig telst hluti af samþykktum þessum.
- 10.2 Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka I, sbr. þó gr. 10.3. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í 11.-14. gr.
- 10.3 Áunninn lífeyrisréttindi eins og þau eru skilgreind í 11.-14. gr. skulu varðveitt í samræmi við gildandi reglur hverju sinni, þannig að lífeyrisgreiðslur verði samkvæmt uppsöfnuðum réttindum hvers

réttindatímabils. Framreikningur skal hverju sinni vera samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar réttur til lífeyris varð virkur. Samtala lífeyrisréttinda er summa áunninna lífeyrisréttinda og framreiknaðra lífeyrisréttinda, ef slík réttindi hafa verið úrskurðuð. Framreiknuð lífeyrisréttindi teljast ekki með áunnum lífeyrisréttindum nema að því marki sem þau hafa fallið til frá úrskurði framreiknings, sbr. gr. 12.10.a. og 14.1.a. og minnkar framreiknaði hlutinn þá sem því nemur. Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Komi til skerðingar á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindaskerðinguna á sama hátt og réttindaaukningu nema að skerðingin kemur til frádráttar áunnum réttindum.

- 10.4. Áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA þann 31. desember 2008 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem giltu þann dag í lífeyrissjóðnum. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. áunnum rétti þann 31. desember 2008 fer skv. meginreglu 2.ml. í gr. 11.2 og 11.3.
- 10.5. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyrstryggingar og er skylt að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykka þessara.

11. gr.

Ellilífeyrir.

- 11.1. Sjóðfélagi sem náð hefur 60 ára aldri og á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 65 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.
- 11.2. Sjóðfélagi sem orðinn er 65 ára getur frestað töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 65 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 65 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 65 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 11.3. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur þá lækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu II fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar upp á 65 ára aldur þegar taka lífeyris hefst. Lækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 65 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 11.4. Við töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það.
- 11.5. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein 11.4. Ákvæði 11.3. skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 65 ára aldur. Ákvæði 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 65 ára aldri er náð.
- 11.6. Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæða 11.2. og 11.3. í

slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 11.2 og 11.3. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 11.4.

- 11.7. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 65 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.
- 11.8. Ellilífeyrir er greiddur sem föst vísitölutryggð fjárhæð á mánuði til dauðadags samkvæmt uppsöfnuðum réttindum. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.

12. gr.

Örorkulífeyrir.

- 12.1. Skilyrði þess að sjóðfélagi eigi rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 10. gr. og nánari skilmála þessa kafla er að hann:
 - a. sé yngri en 65 ára.
 - b. hafi orðið fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% orkutaps eða meira.
 - c. hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.
- 12.2. Auk áunninna réttinda, skv. gr. 12.1, kann sjóðfélagi að eiga rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Auk þeirra skilyrða sem þurfa að vera uppfyllt skv. gr. 12.1 eru skilyrði framreikningsréttar að sjóðfélaginn hafi:
 - a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum.
 - b. greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.
 - c. ekki sjálfur átt sök á orkutapi t.d. vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Séu sérstakar ástæður, þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt framangreind skilyrði þessarar greinar um iðgjaldsgreiðslutíma er sjóðnum heimilt að stytta áskilinn tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök orkutaps verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna náms, vinnu erlendis, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

12.3. Við mat á því hvort tekjuskurðing hafi orðið skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið, sbr. a) lið gr. 12.6. um framreikning. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka þeim breytingum sem verða á launavísitölu. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum, kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna orkutapsins, að undanskilinni skírteinistryggingu, og fjármagnstekna sem stafa frá eigin atvinnustarfsemi örorkulífeyrisþega eða félagi sem myndað er utan um slíka atvinnustarfsemi örorkulífeyrisþega. Í úrskurði um lífeyri skal greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélagi megi vera ljóst við hvaða mörk lækun örorkulífeyris vegna tekna er miðað.

12.4. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið. Hundraðshluta orkutaps og tímasetning þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álitu trúnaðarlæknis sjóðsins. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins í að minnsta kosti 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir orkutapið skal mat orkutapsins aðallega miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Sjóðfélagi sýnir fram á vanhæfni sína til að gegna því starfi með því að leggja fram staðfestingu á því að honum hafi verið hafnað af fluglækni um útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs. Mat á orkutapi sjóðfélaga, skv. þessari málsgrein skal gilda í eitt ár frá því að sjóðfélagi er úrskurðaður örorkulífeyrir en eftir það skal hundraðshluti orkutaps vera metinn sem meðaltal orkutaps til almennra starfa og orkutaps til að gegna því starfi sem tengt er aðild hans að sjóðnum.

Hafi sjóðfélagi ekki greitt iðgjöld til sjóðsins í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir orkutapið skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til að gegna almennum störfum.

Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu. Orkutap skal endurmetið eftir því sem stjórn eða trúnaðarlæknir sjóðsins telja ástæðu til.

12.5. Þegar skilyrði fyrir framreikningi réttinda eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við 75% af áunnum lífeyrisrétti samkvæmt 10. gr. að viðbættum 75% af lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt grein 12.6.

12.6. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 12., skal um þann framreikning fara sem hér segir:

a. Reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðurinn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta þriggja ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er sjóðnum heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 6 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 4 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 6 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu I í

viðauka A. Svári meðaliðgjaldið til hærri árslauna en kr. 13.500.000, skal miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með árlegu iðgjaldi af kr. 13.500.000. Iðgjaldshlutfallið skal vera hið sama og hjá meðaliðgjaldinu.

- b. Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðsins ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðnum heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 12.5. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.
- 12.7 Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur nema hann hafi fyrir þann tíma þegar fallið niður ef ákvæði samþykktanna leiddu til þess. Sjóðurinn skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber sjóðnum að hækka örorkulífeyrinn ef orkutapið vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er orkutapið óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.8. Áunnin ellilífeyrisréttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku með teknu tilliti til:
- a. framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta örorkulífeyris af hámarksörorkulífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - b. aukningar eða skerðingar réttinda sem kann að hafa komið til eftir að taka örorkulífeyris hófst.
- 12.9. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur og annað, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

13. gr.

Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins í tvö ár eða lengur og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á ævilöngum lífeyri úr sjóðnum, sbr. þó gr. 13.2.
- 13.2. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.
- 13.3. Full makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 48% af óskiptum ellilífeyris- eða 64% af örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagans við fráfall hvort sem gefur hærri réttindi. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann

hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega hverju sinni skulu nema áunnum makalífeyrisréttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna framreiknaðs makalífeyris í hlutfallinu tími frá úrskurði af heildarframreikningstíma. Ef búið er að skerða makalífeyrisgreiðslur, þá skerðast reiknuð áunnin réttindi eins og að framan greinir jafn mikið. Til viðbótar eða frádráttar þannig reiknuðum áunnum réttindum koma úthlutuð aukningar- eða skerðingarréttindi frá því að taka makalífeyris hófst þó þannig að hver aukning eða skerðing er margfölduð með núverandi hlutfalli af óskertum makalífeyri af hlutfallinu við úthlutun.

14. gr.

Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða sjóðfélagi uppfyllir skilyrði 12. greinar til að hljóta rétt til örorkulífeyris og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig rétt á barnalífeyri úr sjóðnum til 20 ára aldurs eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hinn látni
- a. greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátíð eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða
 - b. notið ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðnum rétt að taka mið af efnisreglu greinar 12.2. að breyttu breytanda.

- 14.2 Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir starfsorkumissi sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris úr sjóðnum. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.
- 14.3 Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti í hjónabandi eða sambúð, skulu eiga rétt á barnalífeyri enda hafi sjóðfélagi ekki hafið töku ellilífeyris. Réttur þessi er háður því að barnið njóti ekki barnalífeyris frá öðrum umfram einfalt meðlag innan þeirra marka sem lög almannatryggingalaga setja um fjárhæð meðlags. Skulu lífeyrisgreiðslur vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.4 Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. 20.000 á mánuði. Barnalífeyrir sem greiddur er með hverju barni látins sjóðfélaga er kr. 30.000 á mánuði. Falli sjóðfélagi og maki hans frá skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs skv. grein 18.5.
- 14.5 Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns til 18 ára aldurs þess en eftir það til lífeyrisþega.
- 14.6 Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur niður þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris.

15. gr.

Skipting réttinda milli sjóðfélaga og maka

- 15.1 Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta ellilífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 15.2 Ef hann er ekki orðinn 65 ára og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.
- 15.3 Að iðgjald vegna hans, sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til ellilífeyris skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Örorku- og makalífeyrisréttindi sjóðfélagsins taka eftir sem áður mið af óskiptum iðgjaldsstofni. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða. Þessari skiptingu iðgjalda skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hafi verið slitið eða aðilar hafi gert með sér nýtt samkomulag. Aldrei skal iðgjöldum skipt lengur en til 70 ára aldurs makans.
- 15.4 Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.

16. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 16.1. Falli launagreiðslur til sjóðfélaga niður vegna veikinda, ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 16.2. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi sbr. 15.1.

17. gr.

Endurgreiðslur iðgjalda.

- 17.1. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slíkt endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu til sjóðfélaga samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda.

- 17.2. Sjóðurinn ákveður endurgreiðslufjárhæð. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum.

18. gr.

Flutningur í aðra sjóði.

- 18.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykktá þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin myndu verða hjá einum og sama sjóði.

19. gr.

Greiðsla lífeyris.

- 19.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á. Hann reiknast frá og með þeim degi sem lífeyrisréttur stofnast og til og með þeim degi, sem lífeyrisréttur fellur niður.
- 19.2. Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg og henni skulu fylgja þau gögn sem nauðsynleg eru að mati sjóðsins til að úrskurða um lífeyri. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Berist umsókn eftir að 70 ára aldri er náð er þó heimilt að greiða ellilífeyri aftur í tímann til 70 ára aldurs. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknað frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum.
- 19.3. Það getur varðað réttindamissi ef umsækjandi um lífeyri leggur vísitandi fram rangar upplýsingar, sem til þess eru fallnar að auka lífeyrisgreiðslur honum til handa umfram það sem hann á rétt á. Ennfremur ef lífeyrisþegi vísitandi leynir sjóðinn breytingum á aðstæðum, sem áhrif hafa á rétt til lífeyris.
- 19.4. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð sem svarar til a.m.k. kr. 7.500 á mánuði og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við réttindi verður ekki að ræða, og er þá sjóðnum heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi skv. reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
- 19.5. Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í maí 2015 sem er 426,4 og skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni, nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein

20. gr.

Endurtrygging.

- 20.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að verja allt að 4% af árlegum iðgjaldtekjum sjóðsins til kaupa á hópslysatryggingu á starfandi sjóðfélögum í því skyni að draga úr áhættu sjóðsins. Skulu tryggingafjárhæðir renna til sjóðsins án tillits til hver útgjöld einstök slys hafa í för með sér fyrir sjóðinn.

21. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

21.1. Óheimilt er að framselja eða veðsetja rétt til lífeyris samkvæmt samþykktum þessum.

22. gr.

Málsmeðferð og gerðardómur.

22.1. Um málsmeðferð sjóðsstjórnar, í málum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum, gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum, eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.

22.2. Vilji sjóðsfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því honum var tilkynnt um úrskurð sjóðsstjórnar.

Gerðardómurinn skal skipaður þremur gerðarmönnum, einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum af lífeyrissjóðnum og skal formaður gerðardómsins tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur. Gerðarmenn skulu vera óvilhallir og sjálfstæðir við framkvæmd starfa sinna.

Úrlausn gerðardómsins er endanleg og bindandi fyrir báða aðila. Gerðardómurinn skal skipta kostnaði við gerðarmeðferðina, þ.m.t. þóknun gerðarmanna og málskostnaði aðila, á milli málsaðila eftir mati gerðardómsins, en þó skal sjóðfélaga aldrei gert að greiða meira en sem nemur þriðjungu heildarkostnaðar við gerðarmeðferðina. Að öðru leyti gilda um störf gerðardómsins ákvæði laga um sammingsbundna gerðardóma.

23. gr.

Eftirlit.

23.1. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og 87/1998.

24. gr.

Breytingar á samþykktum.

24.1. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins fyrir lok janúar ár hvert. Ekki má breyta samþykktum þessum nema í allsherjaratkvæðagreiðslu með samþykki meirihluta greiddra atkvæða sjóðfélaga. Ennfremur þarf samþykki flugfélaga, er hafa í þjónustu sinni meirihluta starfandi sjóðfélaga. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að gera þær breytingar á samþykktum sem leiða beinlínis af lögum eða eru nauðsynlegar til þess að sjóðurinn geti fengið starfsleyfi og samþykktir staðfestar af stjórnvöldum. Samþykktir þessar skulu staðfestar af fjármálaráðherra.

25.gr.

Útreikningur viðbótarréttinda fastráðinna starfandi sjóðfélaga

Tryggingafræðileg staða sjóðsins verður reiknuð í árslok 2007 samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum sjóðsins.

Sjóðurinn verður núllstilltur, það er að heildarstaða sjóðsins verður sett á núll með því að breyta áunnum réttindum sjóðfélaga.

Fundin verða viðmiðunarlaun í desember 2007 vegna fastráðinna sjóðfélaga sem greiddu til sjóðsins á árinu 2007 og ekki látið endanlega af flugmannsstarfi í árslok 2008. Allir flugstjórar, sem voru í sama starfi 2005 – 2007, hjá sama flugrekanda fá sömu viðmiðunarlaun og sama gildir um flugmenn. Viðmiðunarlaunin verða reiknuð út frá síðustu gildandi launatöflum miðað við 10 ára starfsaldur þannig að hæstu flugstjóraunin fá vægið 100 og síðan í hlutfalli við það hjá öðrum flugrekendum. Sama gildir um flugmenn. Vægi viðmiðunarlauna þeirra sem ekki hafa verið í föstu starfi allan tímann, hafa ýmist starfað sem flugmenn eða flugstjórar eða hafa unnið hjá fleiri en einum flugrekanda á árunum 2005 – 2007 verður reiknað hlutfallslega eftir mánaðarfjölda þannig að deilt verður með 36 í summu viðmiðunarlaunanna.

Krónutala hæstu viðmiðunarlaunanna verður jöfn hæstu föstu flugstjóraunum.

Framtíðarellilífeyrisréttindi sjóðfélaga verða reiknuð út frá 20% iðgjaldi af viðmiðunarlaunum í málsgreinum 3 og 4 miðað við að það verði greitt til 65 ára aldurs frá árslokum 2007. Annars vegar verða réttindin reiknuð út frá gildandi réttindastuðli og hins vegar út frá eftirfarandi aldursháðu réttindatöflu:

Árlegur lífeyrir frá 65 ára aldri fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

| Aldur | Réttindi | Aldur | Réttindi | Aldur | Réttindi | Aldur | Réttindi | Aldur | Réttindi |
|-------|----------|-------|----------|-------|----------|-------|----------|-------|----------|
| 16 | 2.944 | 26 | 1.921 | 36 | 1.377 | 46 | 1.058 | 56 | 817 |
| 17 | 2.836 | 27 | 1.849 | 37 | 1.339 | 47 | 1.031 | 57 | 797 |
| 18 | 2.709 | 28 | 1.782 | 38 | 1.303 | 48 | 1.005 | 58 | 778 |
| 19 | 2.586 | 29 | 1.719 | 39 | 1.268 | 49 | 979 | 59 | 759 |
| 20 | 2.472 | 30 | 1.660 | 40 | 1.235 | 50 | 954 | 60 | 741 |
| 21 | 2.367 | 31 | 1.605 | 41 | 1.203 | 51 | 930 | 61 | 724 |
| 22 | 2.266 | 32 | 1.553 | 42 | 1.172 | 52 | 906 | 62 | 708 |
| 23 | 2.171 | 33 | 1.505 | 43 | 1.142 | 53 | 883 | 63 | 692 |
| 24 | 2.082 | 34 | 1.460 | 44 | 1.114 | 54 | 860 | 64 | 677 |
| 25 | 1.999 | 35 | 1.418 | 45 | 1.085 | 55 | 838 | 65 | |

Fundin verða heildarréttindi, áunnin réttindi annars vegar að viðbættum aldursháðum framtíðarréttindum og hins vegar framtíðarréttindi skv. gildandi réttindastuðli. Fundinn er jákvæður mismunur á heildarréttindum, réttindi skv. gildandi stuðli mínus réttindi þar sem framtíðin er reiknuð skv. aldursháðu töflunni. Þessum mismunaréttindum (núll ef mismunurinn er neikvæður) er bætt við áunnin réttindi eftir núllstillingu.

Reiknuð verður áfallin skuldbinding miðað við aukin áunnin réttindi skv. málsgrein 5. Ef þannig áfallin skuldbinding er lægri en tryggingafræðileg eign sjóðsins í árslok 2007 fá sjóðfélagar úthlutuðum viðbótarréttindum í samræmi við útreikninginn skv. málsgrein 5. Ef áfallin skuldbinding reynist hærri en

tryggingafræðileg eign þá skal skerða mismunaréttindin reiknuð í málsgrein 5 það mikið að áunnin réttindi að viðbættum skertum mismunaréttindum gefa áfallna skuldbindingu sem er jöfn tryggingafræðilegri eign í árslok 2007. Skerðingin skal framkvæmd þannig að heildarréttindi skv. gildandi réttindastuðli skulu skert hlutfallslega jafn mikið, þó þannig að þau verði ekki lægri en áunnin réttindi eftir núllstillingu eða heildarréttindi þar sem framtíðin er reiknuð skv. aldursháðu töflunni.

Niðurstaða um vægi viðmiðunarlauna áamt forsendum fyrir útreikningi þess verður send til sjóðfélaga. Þeir sjóðfélagar sem telja að vægið sé of lágt skulu senda rökstudda beiðni um breytingar til stjórnar sjóðsins, sem úrskurðar í málinu.

Ef staða sjóðsins verður jákvæð eftir umreikninginn mun stjórn sjóðsins leggja fram tillögu hvort og þá hversu mikið af hagnaði sjóðsins verður úthlutað til sjóðfélaga.

26.gr.

Gildistökuákvæði.

Núgildandi samþykktir tóku gildi 2. nóvember 2005 þegar þær öðluðust staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

Tillögur um breytingar á samþykktum EFÍA sem samþykktar voru í allsherjaratkvæðagreiðslu í október–desember 2008 öðluðust gildi 1. janúar 2009.

Tillögur um breytingar á samþykktum EFÍA sem samþykktar voru í allsherjaratkvæðagreiðslu í júlí – ágúst 2012 öðluðust gildi 29. ágúst 2012.

Tillögur um breytingar á samþykktum EFÍA sem samþykktar voru í allsherjaratkvæðagreiðslu í júlí 2013 öðluðust gildi 11. nóvember 2013.

Tillögur um breytingar á samþykktum EFÍA sem samþykktar voru í allsherjaratkvæðagreiðslu í júní 2015 öðluðust gildi 14. mars 2016.

Tillögur um breytingar á samþykktum EFÍA sem samþykktar voru í allsherjaratkvæðagreiðslu í júní 2016 öðluðust gildi 22. ágúst 2016.

Tillögur um breytingar á samþykktum EFÍA sem samþykktar voru í allsherjaratkvæðagreiðslu í júní 2018 taka gildi að fenginni staðfestingu ráðherra sbr. 28. gr. laga nr 129/1997, þó eigi fyrr en 1. september 2018.

Tillögur um breytingar á samþykktum EFÍA sem samþykktar voru í allsherjaratkvæðagreiðslu í febrúar 2019 taka gildi að fenginni staðfestingu ráðherra sbr. 28. gr. laga nr 129/1997.

Tillögur um breytingar á samþykktum EFÍA sem samþykktar voru í allsherjaratkvæðagreiðslu í júní 2020 taka gildi að fenginni staðfestingu ráðherra sbr. 28. gr. laga nr 129/1997.

Stjórn EFÍA staðfestir hér með breytingar á samþykktum sjóðsins sem kynntar voru á ársfundi sjóðsins 12. júní 2020 og samþykktar í allsherjar atkvæðagreiðslu sjóðfélaga. Ennfremur hafa flugfélög með meirihluta starfandi sjóðfélaga í þjónustu sinni staðfest samþykktir þessar og skoðast þær því samþykktar og öðlast gildi að fenginni staðfestingu ráðherra.

Reykjavík, 24. júní 2020

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA,

Sturla Ómarsson, formaður

Salvör Egilsdóttir

Sóley Guðbjörnsdóttir

Kjartan Jónsson

Magnús Jón Magnússon

Viðauki I - Réttindatöflur EFÍA sem gilda frá og með 1. september 2018

TAFLA I Árlegur lífeyrir frá 65 ára aldri fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

| Aldur | Réttindi | Aldur | Réttindi | Aldur | Réttindi | Aldur | Réttindi | Aldur | Réttindi |
|-------|----------|-------|----------|-------|----------|-------|----------|-------|----------|
| 16 | 2.914 | 26 | 1.905 | 36 | 1.369 | 46 | 1.050 | 56 | 805 |
| 17 | 2.807 | 27 | 1.834 | 37 | 1.331 | 47 | 1.023 | 57 | 785 |
| 18 | 2.682 | 28 | 1.768 | 38 | 1.295 | 48 | 996 | 58 | 765 |
| 19 | 2.561 | 29 | 1.706 | 39 | 1.261 | 49 | 970 | 59 | 746 |
| 20 | 2.448 | 30 | 1.648 | 40 | 1.228 | 50 | 944 | 60 | 728 |
| 21 | 2.344 | 31 | 1.594 | 41 | 1.196 | 51 | 920 | 61 | 711 |
| 22 | 2.245 | 32 | 1.543 | 42 | 1.165 | 52 | 895 | 62 | 695 |
| 23 | 2.151 | 33 | 1.496 | 43 | 1.135 | 53 | 872 | 63 | 679 |
| 24 | 2.063 | 34 | 1.451 | 44 | 1.106 | 54 | 849 | 64 | 664 |
| 25 | 1.981 | 35 | 1.409 | 45 | 1.078 | 55 | 827 | 65 | |

TAFLA II Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 65 ára aldur

| Taka ellilífeyris hefst | Lækkun fyrir hvern mánuð | Aldur | Samtals lækkun |
|-------------------------|--------------------------|-------|----------------|
| 64-65 ára | 0,66% | 64 | 7,92% |
| 63-64 ára | 0,60% | 63 | 15,12% |
| 62-63 ára | 0,54% | 62 | 21,60% |
| 61-62 ára | 0,49% | 61 | 27,48% |
| 60-61 ára | 0,44% | 60 | 32,76% |

TAFLA III Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 65 ára aldur

| Taka ellilífeyris hefst | Hækkun fyrir hvern mánuð | Aldur | Samtals hækkun |
|-------------------------|--------------------------|-------|----------------|
| 65-66 ára | 0,59% | 66 | 7,08% |
| 66-67 ára | 0,66% | 67 | 15,00% |
| 67-68 ára | 0,74% | 68 | 23,88% |
| 68-69 ára | 0,83% | 69 | 33,84% |
| 69-70 ára | 0,94% | 70 | 45,12% |
| 70-71 ára | 1,07% | 71 | 57,96% |
| 71-72 ára | 1,22% | 72 | 72,60% |
| 72-73 ára | 1,40% | 73 | 89,40% |
| 73-74 ára | 1,62% | 74 | 108,84% |
| 74-75 ára | 1,88% | 75 | 131,40% |
| 75-76 ára | 2,20% | 76 | 157,80% |
| 76-77 ára | 2,59% | 77 | 188,88% |
| 77-78 ára | 3,09% | 78 | 225,96% |
| 78-79 ára | 3,70% | 79 | 270,36% |
| 79-80 ára | 4,48% | 80 | 324,12% |

TAFLA IV Árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 65 til 69 ára og hækkun vegna innvinnsluársins þegar töku ellilífeyris er frestað

| Réttindi skv. töflunni miða við töku lífeyris í lok ársins | Aldur á innvinnsluári | | | | |
|--|-----------------------|---------|---------|---------|---------|
| | 65 | 66 | 67 | 68 | 69 |
| Lífeyrisréttindi | 673 | 693 | 714 | 737 | 762 |
| Hækkun á mánuði fyrsta árið | 0,61% | 0,63% | 0,66% | 0,68% | 0,71% |
| Samtals hækkun 66 ára | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Samtals hækkun 67 ára | 7,32% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Samtals hækkun 68 ára | 15,48% | 7,56% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Samtals hækkun 69 ára | 24,72% | 16,08% | 7,92% | 0,00% | 0,00% |
| Samtals hækkun 70 ára | 35,16% | 25,68% | 16,80% | 8,16% | 0,00% |
| Samtals hækkun 71 ára | 47,04% | 36,60% | 26,88% | 17,52% | 8,52% |
| Samtals hækkun 72 ára | 60,60% | 49,08% | 38,40% | 28,08% | 18,24% |
| Samtals hækkun 73 ára | 76,20% | 63,48% | 51,72% | 40,32% | 29,40% |
| Samtals hækkun 74 ára | 94,20% | 80,04% | 67,08% | 54,36% | 42,36% |
| Samtals hækkun 75 ára | 115,08% | 99,36% | 84,84% | 70,80% | 57,36% |
| Samtals hækkun 76 ára | 139,56% | 122,04% | 105,72% | 90,00% | 75,00% |
| Samtals hækkun 77 ára | 168,36% | 148,68% | 130,32% | 112,68% | 95,76% |
| Samtals hækkun 78 ára | 202,68% | 180,36% | 159,60% | 139,56% | 120,48% |
| Samtals hækkun 79 ára | 243,84% | 218,40% | 194,76% | 171,84% | 150,12% |
| Samtals hækkun 80 ára | 293,76% | 264,48% | 237,24% | 210,96% | 186,00% |

Þessi tafla breytist til lækkunar þegar lífslíkur munu taka tillit til lækkandi dánartíðni í framtíðinni.

Viðauki II – Breytingar á réttindum sjóðfélaga

I. Réttindaskerðing 2009

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga skerðast um 15% og kemur skerðingin til framkvæmda í áföngum, um 10% frá og með 1. júlí 2009 og um 5% frá og með 1. febrúar 2010 í samræmi við kynningu á ársfundi EFÍA þann 28. maí 2009 í kjölfar tryggingafræðilegrar athugunar samkvæmt gr. 7.4. í samþykktum EFÍA. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga lækka sem þessum skerðingum nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2009.

II. Réttindaskerðing 2010

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga skerðast um 10% og kemur skerðingin til framkvæmda í áföngum, 1% á mánuði, á tímabilinu frá og með 1. júní 2010 t.o.m. 1. mars 2011, í samræmi við kynningu á ársfundi EFÍA þann 31. maí 2010 í kjölfar tryggingafræðilegrar athugunar samkvæmt gr. 7.4. í samþykktum EFÍA. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga lækka sem þessum skerðingum nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júnímánuð 2010.

III. Réttindaskerðing 2012

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga skerðast um 9% miðað við réttindi í árslok 2011 og kemur skerðingin til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2012, í samræmi við kynningu á ársfundi EFÍA þann 24. maí 2012 í kjölfar tryggingafræðilegrar athugunar samkvæmt gr. 7.4. í samþykktum EFÍA. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga lækka sem þessari skerðingu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir ágústmánuð 2012.

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga munu einnig skerðast á árinu 2013 miðað við réttindi í árslok 2012 þannig að tryggingafræðileg heildarstaða sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt verði í jafnvægi miðað við 31.12.2012. Mun sú skerðing verða kynnt nánar á ársfundi sjóðsins árið 2013 og koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2013.

Hafi ráðherra ekki samþykkt skerðingarnar fyrir framangreindar dagsetningar þá frestast framkvæmd skerðinganna til fyrsta dags næsta mánaðar eftir að samþykki liggur fyrir.

IV. Réttindaaukning 2016

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga aukast um 3% og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2016, í samræmi við kynningu á ársfundi EFÍA þann 11. maí 2016 í kjölfar tryggingafræðilegrar athugunar samkvæmt gr. 7.3. í samþykktum EFÍA. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2016.

Hafi ráðherra ekki samþykkt aukninguna fyrir framangreindar dagsetningar þá frestast framkvæmd aukningarinnar til fyrsta dags næsta mánaðar eftir að samþykki liggur fyrir.